

## Umsögn um Ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun til ársins 2030 - Mál 1036

Kæri viðtakandi,

Eftir að hafa lesið drög að nýjustu ferðamálastefnu og meðfylgjandi aðgerðaráætlun langar mig að leggja fram nokkrar hugleiðingar.

Í fyrsta lagi þá finnst mér skorta skilgreiningar á hugtökum er varða ýmis atriði. Til dæmis væri fróðlegt að skýra hvað það þýðir að vera „leiðandi í sjálfbærri þróun“, þegar nánast allir ferðamenn sem koma til landsins gera það með ósjálfbærum hætti, þ.e. með skemmtiferðaskipum og flugvélum. Að sama skapi eru nánast öll ferðalög Íslendinga erlendis mörkuð sama vandamáli. Ætlum við Íslendingar þá að vera leiðandi í þróun tækni sem treystir meira á aðra orkugjafa, eða eru einhverjar aðrar snjallar lausnir á teikniborðinu sem veldur því að við treystum okkur til þess að marka slíka stefnu?

Sérstaklega finnst mér skorta á skilgreiningar er varðar allt sem snertir sjálfbærni og ég er efins um að hið opinbera geti með góðum hætti skilgreint hvað telst vera sjálfbærni í ferðapjónustu. Hvað þá er við komum að nýjum og umdeildum hugtökum á borð við „nærandi ferðapjónusta“ sem virðist líta stóran hluta stefnunnar. Sú hugmyndafræði er lítið rannsökuð, afar fáar ritrýndar greinar verið birtar og alls óvíst hvernig hún mun þróast á næstu misserum og árum. Það er eiginlega stórmerkilegt að þetta plagg skuli yfir höfuð innihalda slíkt hugtak frekar en önnur sambærileg. Ég veit ekki um eitt einasta fyrirtæki á Íslandi sem er með vottun í nærandi ferðapjónustu sem dæmi, eða hvort slík vottun er yfir höfuð til eða möguleg? En samt er ferðamálastefna að byggja á slíku. Er Vakinn með verkfæri til þess að votta slíkt, því það væri mjög skringilegt ef svo væri ekki í ljósi tilgangs hans?

Sérstaklega finnst mér vanta nákvæmara og skýrara orðalag er varðar:

*D.3. Fjölgun fyrirtækja með umhverfis- og/eða sjálfbærnivottanir.*

*D.4. Fræðsla og hvatning um sjálfbæra og nærandi ferðapjónustu.*

*E.4. Alþjóðlegt nám í afþreyingartengdri ferðapjónustu, með áherslu á sjálfbærni.*

— Markmið: Að Ísland verði framarlega í alþjóðlegu námi í afþreyingartengdri og nærandi ferðapjónustu þar sem sjálfbærni-, öryggis- og gæðamál eru í forgrunni.

Það er til fjöldinn allur af hugtökum sem líta mætti á sem tól í átt að aukinni sjálfbærni í tengslum við ferðapjónustu, og því hef ég verulegar efasemdir við skynsemi þess að tengja ferðamálastefnu Íslendinga við hugmyndafræði sem er ennþá of óljós og umdeild til að geta talist heppilegur valkostur. Enda er það varla ferðamálastefnu að handvelja þau tól sérstaklega, heldur fyrirtækjana sjálfra. Heppilegra væri á þessum tímapunkti myndi ég telja, að horfa til UNWTO og í sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Ef markmið ferðapjónustu á Íslandi er að stuðla að auknum hagvexti og umsvifum þá er spurning hvort það eigi að leggja áherslu á frumbyggjahugmyndafræði sem leggur áherslu á hið öfuga?

Með kærri kveðju,

Gústaf Gústafsson.